

Föstudagurinn 23. september 1966.

Nr. 145/1966. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Austmanni Símonarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur með bréfi, dags. 18. júlí 1966, samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1966. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu verði vísað aftur til sakadóms Reykjavíkur til meðferðar þar og uppsögu efnisdóms og svo að kostnaður af málinu verði dæmdur á hendur ákærða bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi ákærða hafa Hæstarétti hvorki verið sendar kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður í Hæstarétti verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti er eigi dæmdur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1966.

Ár 1966, þriðjudaginn 5. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 317/1966: Ákærvaldið gegn Jóni Austmanni Símonarsyni, sem tekið var til úrlausnar 1. þ. m.

Í bréfi saksóknara ríkisins til yfirsakadómara í Reykjavík, dagsettu 23. marz s.l., er fylgdi ásamt málsskjölum ákæra, dagsett sama dag, á hendur Jóni Austmanni Símonarsyni sjómanni,

Kirkjuvegi 13, Keflavík, fæddum 24. janúar 1945 í Ytri-Njarðvík, er þess krafizt, eftir atvikum með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, að yfirsakadómari ljúki rannsókn málanna og taki þau síðan til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru. Í bréfi þessu er eigi sagt, fyrir hvaða dómi málið er höfðað, en orðalag þetta verður þó að skilja þannig, að það sé höfðað fyrir sakadómi Reykjavíkur, sbr. bréf saksóknara, dagsett 22. f. m., er síðar mun getið.

Ákæran á hendur Jóni Austmanni Símonarsonar er fyrir eftirfarandi atferli:

„I. . . aðfaranótt laugardagsins 19. febrúar 1966 tekið vöruflutningabifreiðina V 43, þar sem hún stóð við afgreiðslu Eyjaflugs á Kirkjuvegi í Vestmannaeyjum, og undir áhrifum áfengis og sviftur rétti til að öðlast ökuleyfi ekið eða reynt að aka bifreiðinni, sem rann nokkurn spöl aftur á bak, en ákærði sofnaði ölvunarsvefni undir stýri bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

II. . . . aðfaranótt laugardagsins 12. marz 1966 í róðri á m/b Mjöll, RE 10, stolið kr. 685.00 úr fötum Marinós Sigmundssonar matsveins, sem voru í skáp í lúkar bátsins.

III. . . . aðfaranótt sunnudagsins 13. marz 1966 heimildarlaust tekið m/b Mjöll, RE 10, 46 tonna eikarbát, þar sem hann lá við gömlu verbúðarbryggjuna í Reykjavíkurhöfn, og undir áhrifum áfengis, enda neytt áfengis á siglingunni, siglt bátnum einn síns liðs án skipstjórnarréttinda inn Viðeyjarsund, unz báturinn strandaði á Gelgjutanga og á honum urðu verulegar skemmdir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga, 4. gr. sbr. 58. gr. laga um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum nr. 66/1946 og 1. mgr. 85. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

IV. . . . á siglingu þeirri, er greinir í lið III, skorið upp læsta tösku, sem vélstjórinn á bátnum átti, og stolið úr henni einni rommflösku, einni flösku af genever og 3 pökkum af vindlingum.

Brot ákærða, þau er í liðum II og IV greinir, teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafizt verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Dómsrannsókn út af atferli því, sem ákærða er gefið að sök í III. lið ákærunnar, fór fram í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. marz s.l. Voru þá yfirheyrðir 3 menn, en frekar ekki aðgert í málinu fyrir þeim dómi. Málið kom fyrir sakadóm Reykjavíkur þriðjudaginn 26. apríl s.l., og var þá tekin skýrsla af ákærða.

Fimmtudaginn 2. fyrra mánaðar var Jónas Aðalsteinsson, héraðsdómslögmaður hér í borg, skipaður verjandi ákærða að beiðni hans. Í þinghaldi sama dag gerði hann kröfu til þess, að máli þessu yrði vísað frá sakadómi. Byggir verjandi kröfu þessa á því, að ákærða sé gefið að sök í III. lið ákærunnar að hafa orðið valdur að sjóslysi og skuli því siglingadómur dæma um það atferli samkvæmt 3. tl. 46. gr. laga nr. 50/1959 um eftirlit með skipum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962. Eigi siglingadómur því skv. 3. mgr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961 að dæma um málið í heild. Verjandinn gerir kröfu til þess, að sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun til sín.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 82/1961 var saksóknara ríkisins gefinn kostur á að tjá sig um þessa kröfu verjandans. Voru honum með bréfi, dagsettu 14. f. m., send málsskjölin. Í svarbréfi sínu til dómsins, dagsettu 22. f. m., segir saksóknari á þessa leið: „Af ákæruvaldsins hálfu er mótmælt framkominni frávisunarkröfu verjandans og ítrekuð sú krafa í bréfi embættisins til yfirsakadómarans í Reykjavík, dagsettu 23. marz s.l., að lokið verði rannsókn máls þessa og það verði síðan í heild — samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 82/1961 — tekið til dómsálagningar í sakadómi samkvæmt meðfylgjandi ákæru.

Með því að brot ákærða er í III. lið ákæru m. a. talið varða við 1. mgr. 85. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 hefur málið samkvæmt 2. mgr. 89. gr. þeirra laga verið lagt fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, og fylgir umsögn ráðuneytisins, dagsett í dag, málsskjölunum. Umsögn ráðuneytisins hefur ekki í för með sér breytingar á ákærunni.“

Í nefndri umsögn samgöngumálaráðuneytisins segir á þá leið, að ráðuneytið vilji taka fram, að það feli saksóknara að annast um, að mál verði höfðað á hendur ákærða fyrir gert atferli.

Kemur þá til athugunar, hvort sakadómur Reykjavíkur skuli fara með mál þetta.

Samkvæmt 3. tl. 46. gr. laga nr. 50/1959 um eftirlit með skipum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1962 um breyting á þeim lögum, skal siglingadómur dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru út af sjóslysum eða brotum á lögunum. Eins og í III. lið ákærunnar hér að framan greinir, er ákærða gefið að sök að hafa heimildarlaust og undir áhrifum áfengis tekið m/b Mjöll og siglt bátnum án skipstjórnarréttinda, unz báturinn strandaði á Gelgjutanga og á honum urðu verulegar skemmdir. Þar sem hér er um sjóslys að ræða, ætti það að koma í hlut siglingadóms að fjalla um það eitt sér. Í ákærunni hér að framan eru ákærða auk framangreinds brots gefin 3 önnur brot að sök, sem sæta eiga meðferð sakadóms. Kemur þá til álita, hvort það eigi að valda því, að sakadómur skuli fara með málið í heild.

Í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála segir, að komi það upp í almennu refsímáli eða ástæða þyki til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- og verzlunarbrott, skuli rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skuli þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. mgr. greinarinnar.

Af ákvæði þessu leiðir þegar, að kunnáttumenn verða eigi kvaddir til dómsstarfa í máli þessu samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961. Verður þá að taka til úrlausnar, hvort meðdómsmenn í siglingadómi skuli kvaddir til dómsstarfa í sakadómi í málinu. Siglingadómur er sérdómstóll, sem falið er það hlutverk að dæma í tilteknum flokki mála. Eru formaður dómsins og meðdómsmenn skipaðir af ráðherra með sérstökum hætti, sbr. 45. gr. laga nr. 50/1959. Flutningur mála fyrir siglingadómi er munlegur og opinber, þ. e. sókn og vörn skal fara fram fyrir siglingadómi, en slíkt væri eigi skylt, ef málið ætti að sæta meðferð sakadóms.

Þykir leiða af því, sem nú hefur verið rakið, að ekki er unnt að leggja þann skilning í ákvæði 3. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 82/1961, að meðdómsmenn siglingadóms skuli kvaddir til að dæma mál þetta í sakadómi. Ber því samkvæmt framansögðu að vísa málinu frá sakadómi.

Allan málskostnað ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin

málflutningsþóknun til talsmanns ákærða, Jónasar Aðalsteins-sonar héraðsdómslögmanns, er þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 kr.

Dómsorð:

Mál ákæruvaldsins gegn Jóni Austmanni Símonarsyni er vísað frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur málskostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs verjanda ákærða, Jónasar Aðalsteinssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 23. september 1966.

Nr. 157/1966. **Ákæruvaldið**

gegn

Gesti Elíasi Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Saksóknari ríkisins hefur samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. ágúst 1966. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn á hendur Gesti Elíasi Jónssyni skipstjóra samkvæmt kröfum saksóknara í bréfum 29. júní, 13. júlí og 4. ágúst 1966.

Saksóknari kveður kröfu sína um dómsrannsókn í máli Gestis Elíasar Jónssonar eigi bundna við ætlað brot gegn 24. gr. og 45. gr. laga nr. 58/1954, eins og yfirsakadómari ætlar.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með skirskotun til forsendna hans.